



Stekkjarhóll ehf.  
Stekkjarhóll  
851 Hella

Hafnarfjörður, 30. október 2018  
Tilvísun: 2018100012  
FJH/  
Tilv. ykkar:

**Efni: Tilkynning um fyrirhugaða niðurfellingu Stekkjarhólsvegar (2864) af vegaskrá.**

Vegagerðin er veghaldari þjóðvega og hefur það hlutverk skv. 7. gr. vegalaga nr. 80/2007 að halda vegaskrá sem er skrá yfir alla þjóðvegi. Með bréfi þessu vill Vegagerðin vekja athygli á ákvæði c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007, um héraðsvegi sem er einn flokkur þjóðvega:

*Héraðsvegir eru vegir sem liggja að býlum, starfrækshu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis, eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Landeigandi skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m að framangreindum stöðum ef vegur endar þar.*

Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar er föst búseta ekki lengur fyrir hendi að Stekkjarhóli og uppfyllir vegurinn því ekki tilgreint skilyrði þess að teljast til þjóðvega.

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 774/2010 um héraðsvegi með síðari breytingum, sbr. 3. mgr. 8. gr. vegalaga, er Vegagerðinni skylt að fella veg úr tölu héraðsvega og afskrá úr vegaskrá uppfylli hann ekki lengur skilyrði vegalaga um þjóðvegi. Með vísan til þess er áformað að fella Stekkjarhólsveg nr. 2786 af vegaskrá frá og með næstu áramótum og mun viðhald og þjónusta hans ekki lengur verða á ábyrgð Vegagerðarinnar frá þeim tíma.

Gefinn er hér með kostur á að koma að athugasemdum við hina fyrirhuguðu ákvörðun og skulu þær berast Vegagerðinni, Breiðumýri 2, 800 Selfossi, innan fjögurra vikna frá dagsetningu þessa bréfs.

**Afrit: Rangárþing ytra**

Virðingarfyllst,

Friðrikka J. Hansen

Friðrikka Jóhanna Hansen  
verkfræðingur  
umsjónardeild, Suðursvæði